

Neskaupstað 14. febrúar 2024

Sveitarfélagið Fjarðabyggð

c/o Jóna Árný Þórðardóttir bæjarstjóri

Hafnargötu 2

730 Fjarðabyggð

Fyrir nokkru tilkynnti sveitarfélagið Fjarðabyggð um skerðingu á opnunartíma Stefánslaugar í Neskaupstað vegna þess að Landsvirkjun hefur ákveðið að loka á sölu á ótryggri raforku á Austurlandi þar með talið til fjarvarmaveitu Hitaveitu Fjarðabyggðar.

Skerðingin á opnunartíma laugarinnar síðdegis mun nema um 18,5 klukkustundum á viku. Sú skerðing kemur sér einkar illa fyrir vinnandi fólk og reyndar einnig í mörgum tilvikum fyrir fjölskyldur.

Forsvarsmenn Vélaverkstæðis G. Skúlasonar hafa fjallað um skerðinguna og vill fyrirtækið lýsa því yfir að það er tilbúið að greiða þá upphæð sem sparast vegna skerðingarinnar á opnunartímanum síðdegis í einn mánuð, en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eru það riflega 500 þúsund krónur. Hér er um að ræða jákvætt framlag svo unnt sé að nýta sundlaugina vel þrátt fyrir umrædda lokun Landsvirkjunar á sölu á ótryggri raforku.

Er þess farið á leit að sveitarfélagið taki þetta erindi til umræðu og afgreiðslu en undirritaðir eru ávallt tilbúnir til að veita frekari upplýsingar.

Jón Bjarnason

Jón Bjarnason framkvæmdastjóri

Sigurður Vilmundur Jónsson

Sigurður Vilmundur Jónsson, fulltrúi stjórnar